



Framvinduskýrsla 2022

(GHG report)

Desember 2022



Framvinduskýrsla 2022

Efnisyfirlit

Inngangur

Markmið Kolviðar (GHG statement)

Skipulag Kolviðar

Verkferli

Tímalína verkefna

Landsvæði-samningsaðilar

Samstarfsaðilar og verktakar

Staðfesting /vottun

Kröfur fyrir loftslagsverkefni

Verkefni

Kolviðarskógar

Viðmið – bindistuðlar

Starfsemin

Gróðursetning og binding

Framleiðsla og sala væntra kolefniseininga

Vænt binding og handbærar kolefniseiningar

Helstu hagaðilar Kolviðar

Úttektir og mælingar

15 ára mæling á Geitasandi - suður

Geitasandur suður

Spá fyrir bindingu

Desember 2022



Framvinduskýrsla 2022

Inngangur



Eftirfarandi framvinduskýrsla er sú fyrsta á þessu formi og er skýrslugjöf fyrir loftslagsverkefni Kolviðar sem mun koma út í árslok hvers framkvæmdaárs og veita upplýsingar um stöðu loftslagsverkefna Kolviðar. Henni er ætlað að uppfylla kröfur ISO 14064-2 staðalsins um upplýsingagjöf til hagaðila. (6.13 Reporting the GHG project)

Framvinduskýrslan er ætluð til að upplýsa kaupendur kolefnisbindinga, landeigendur og aðra hagaðila um framgang verkefna. Þetta er einkar mikilvægt þar sem kolefnisbinding með skógrækt fer hægt af stað og eykst síðan nokkuð hratt en síðan dregur úr árlegri bindingu þegar skógurinn eldist. Kolviður reiknar sér bindingu sem á sér stað á fyrstu 50 árum vaxtartímans.

Kolviður mun halda utan um öll kaup viðskiptavina þann tíma sem bindingin tekur og skuldbinding þess efnis helst óbreytt þó breytingar verði á högum kaupenda.

Í umræðunni um loftslagsmál hefur verið lögð áhersla á að þeir sem bjóða kolefnisbindingu til fyrirtækja, stofnana og einstaklinga séu með alþjóðlega viðurkennda og vottaða aðferðafræði.

Kolviður hefur unnið að þessu undanfarin þrjú ár og til að tryggja sem best að staðið sé við skuldbindingar Kolviðar-sjóðs um kolefnisbindingu er unnið samkvæmt alþjóðlegum staðli fyrir kolefnisbindingarverkefni ISO 14064-2 og viðurkenndir erlendir aðilar Bureau Veritas fengnir til þess að taka út verkefnin og staðfesta og votta þau. Keypt kolefnisbinding fyrri ára og í framtíðinni mun þannig verða alþjóðlega vottuð.

Markmið Kolviðar (GHG statements)



Markmið sjóðsins er aukin binding kolefnis í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koltvíoxíðs (tonn CO₂e) í andrúmslofti. Sjóðurinn vinnur að þessu markmiði með því m.a. að:

- a. Gefa fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum tækifæri til þess að binda kolefnislosun sína.
- b. Fjármagna aðgerðir til bindingar kolefnis með nýskógrækt og landgræðslu.
- c. Stuðla að verndun jarðvegs og gróðurs.
- d. Stuðla að aukinni vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda.
- e. Draga úr heildar losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi.



Skipulag Kolviðar




Kolviður – sjóður var stofnaður 2006 af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd með stuðningi ríkisstjórnarinnar.


Kolviður er með samning við Skógræktarfélag Íslands um faglega vinnu við gerð framkvæmda- og skógræktaráætlana, verkumsjón og rekstrarstjórn.

Kolviður er með samning við Rannsóknarsvið Skógræktarinnar um mælingu á kolefnisbindingu, sem vinnur samkvæmt

Rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Kolviður er í góðum samskiptum við landeigendur og verktaka auk Skógræktarinnar.






Tímalína verkefna

Kolefnisbinding í skógi

ISO 14064-2 og Skógarkolefni



Verkefni – landsvæði - samningsaðilar

Verknúmer		Landsvæði Staðsetning (Location)	Land- númer	Samningur Dags.	Þinglýsing Dags.	Stærð ha.	Samningsaðilar	Gróur- setning Ár
1	2010-1	Geitasandur - suður	L218599	29.6.2010	431-A-703/2010	190	Landgræðsla ríkisins kt. 710169-3659	2007-2017
2	2016-1	Úlfjótuvatn - suður	L170830	04.08.2016	L-15.09.2016-2320	185	Skógræktarfélag Íslands kt. 600269-3809	2016-2019
3	2019-1	Úlfjótuvatn - norður	L170830	16.04.2019	A-12.04.2020 - 972	110	Skógræktarfélag Íslands kt. 600269-3809	2020-2020
4	2019-2	Geitasandur - norður	L199603	19.12.2019	A-29.04.2020-1699	207	Landgræðsla ríkisins kt. 710169-3659	2019-
5	2020-1	Húsavík Ærvíkurhöfði		29.05.2020		114,6	Norðurþing kt. 640169-5599	2020-
6	2020-2	Skálholt	L167166	20.11.2020	B 90 12 jan. 2021	130	Skógræktarfélag Íslands kt. 600269-3809	2021-
7	2020-3	Reykholt Borgarfirði	L134439	14.12.2020	442-M-431/2021	165	Skógræktarf. Borgarfjarðar kt. 600269-5189	2021-
8	2021-1	Úlfjótuvatn - Háafell og Selsflatir	L 170830	11.2.2022	A-31.03.2022 - 1268	172	Skógræktarfélag Íslands kt. 600269-3809	2021-
		Samtals				1273,6		

Samstarfsaðilar og verktakar



							Samstarfsaðilar og verktakar					
Verknúmer (Project number)		Landsvæði Staðsetning (Location)	Landnúmer	Samningar (Agreement) Dags. (Date)	Stærð ha.	Gróður- setning Ár	Framkvæmda- og skógræktar- áætlanir	Verkumsjón	Gróðursetning	Vöktun	Mælingar	Vottun
1	2010-1	Geitasandur - suður	L218599	29.6.2010	190	2007- 2017	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.	Skógræktarf. Ragnæinga	Skógr.fél. Ísl.	Skógræktin	Bureau Veritas
2	2016-1	Úlfjótuvatn - suður	L170830	04.08.2016	185	2016- 2019	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.		
3	2019-1	Úlfjótuvatn - norður	L170830	16.04.2019	110	2020- 2020	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.		
4	2019-2	Geitasandur - norður	L199603	19.12.2019	207	2019-	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.	Skógræktarf. Ragnæinga	Skógr.fél. Ísl.		
5	2020-1	Húsavík Ærvíkurhöfði	L167166	29.05.2020	114,6	2020-	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.	Skógræktarf. Húsavíkur	Skógr.fél. Ísl.		
6	2020-2	Skálholt		20.11.2020	130	2021-	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.		Skógr.fél. Ísl.		
7	2020-3	Reykholt Borgarfirði	L134439	14.12.2020	165	2021-	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.	Skógræktarf. Borgarfjarðar	Skógr.fél. Ísl.		
8	2021-1	Úlfjótuvatn - Háafell og Selsflatir	L 170830	11.2.2022	172	2021-	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.	Skógr.fél. Ísl.		
					1273,6							

Staðfesting / vottun



Kolviður hefur valið að vinna samkvæmt alþjóðlegum staðli ISO 14064-2 fyrir loftslagsverkefni sem eru kröfur með leiðbeiningum á verkefnisstigi til mælingar, vöktunar og skýrslugjafar um minnkun losunar á gróðurhúsategundum eða umbætur í úthreinsun þeirra.

Til samstarfs hefur Kolviður valið Bureau Veritas sem er alþjóðleg óháð vottunarstofa með 1400 skrifstofur og rannsóknarstofur í 140 löndum með yfir 70.000 starfsmenn og 400.000 viðskiptavinum.

(Landsvirkjun er einn af viðskiptavinum Bureau Veritas við mat á kolefnisbindingu)

Bureau Veritas er opinber CDP vottunaraðili, GRI Gold Community Member, an AA1000AS Licensed Provider og UKAS accredited ISO 14064 Part 1 og Part 2 Verifier/Validator.

Bureau Veritas er einnig tilnefndur aðili undir UN fyrir vottun á Clean Development Mechanisms (CDM/JI) og EU Emissions Trading Scheme (EU ETS) vottun.

Fyrsta úttekt á Geitasandi suður er áformuð í febrúar 2023

Kröfur fyrir loftslagsverkefni samkvæmt staðli ISO 14064-2
Kröfur með leiðbeiningum á verkefnisstigi til mælingar, vöktunar og
skýrslugjafar um minnkun losunar á gróðurhúsategundum eða
umbætur í úthreinsun þeirra.



Helstu þættir staðalsins:

6.1. Almennar kröfur (ISO 14064-2- 6.1 General requirements)

6.2 Lýsing á verkefnum (ISO 14064-2- 6.2 Describing the project)

6.3 Skilgreining losunar, bindingar og geymslu/söfnunar CO2 tengt verkefnum.

(ISO 14064-2- 6.3 Identifying GHG SSRs relevant to the project)

6.5 Skilgreining á losun, bindingu eða uppsöfnun viðeigandi fyrir sviðsmyndir grunnviðmiða

(ISO 14064-2- 6.5 Identifying GHG SSRs relevant to the baseline scenario)

6.6 Val á þáttum til að fylgjast með eða áætla losun eða bindingu.

(ISO 14064-2- 6.6 Selecting GHG SSRs for monitoring or estimating GHG emission and removals)

6.7 Ákvarða magn losunar og/eða bindingar (ISO 14064-2- 6.7 Quantifying GHG emissions and/or removals)

6.8 Ákvarða magn samdráttar og stöðvunar gróðurhúsalofttegunda vegna annarra áhrifa við innleiðingu og rekstur verkefna

(ISO 14064-2- 6.8 Quantifying GHG emission reductions and removal enhancements)

6.9 Stjórnun á gæðum gagna (ISO 14064-2- 6.9 Managing data quality)

6.10 Vöktun loftslagsverkefna Kolviðar (ISO 14064-2- 6.10 Monitoring the GHG project)

6.11 Skjalfesting loftslagsverkefna Kolviðar (ISO 14064-2- 6.11 Documenting the GHG project)

6.12 Staðfesting/sannreyning loftslagsverkefna Kolviðar

(ISO 14064-2- 6.12 Verification and/or validation of the GHG project)

6.13 Skýrslugjöf vegna loftslagsverkefna Kolviðar (ISO 14064-2- 6.13 Reporting the GHG project)

Verkefni – Projects



Geitasandur - suður
- Plöntun er lokið og 15 ára úttekt hefur farið fram

Úlfjótuvatn – suður
- Plöntun lauk 2019 og samræmd úttekt mun fara fram 2024

Úlfjótuvatn – norður
- Plöntun lauk 2020 og samræmd úttekt mun fara fram 2025

Geitasandur – norður
- Plöntun mun ljúka á arinu 2023

Húsavík – Ærvíkurhöfði
- Plöntun mun ljúka á árinu 2023

Skálholt
- Áformað er að plöntun ljúki 2024

Reykholt í Borgarfirði
- Áformað er að plöntun ljúki 2025

Úlfjótuvatn – Háafell og Selsflatir
- Áformað er að plöntun ljúki 2024

Desember 2022


Verknr.		Leiguland Staðsetning (Location)	Landsnúmer	Samningur Dags. (Date)	Stærð ha.	Plöntun ár	Íbætur	5 ára samræmd úttekt	15 ára mæling	30 ára mæling	50 ára mæling
1	2010-1	Geitasandur	L218599	29.6.2010	190	2007-2017			2021	2036	2056
2	2016-1	Úlfjótuvatn - suður	L170830	04.08.2016	185	2016-2019	2023	2024	2034	2049	2069
3	2019-1	Úlfjótuvatn - norður	L170830	16.04.2019	110	2020-2020	2024	2025	2035	2050	2070
4	2019-2	Geitasandur - norður	L199603	19.12.2019	207	2019-					
5	2020-1	Húsavík Ærvíkurhöfði		29.05.2020	114,6	2020-					
6	2020-2	Skálholt	L167166	20.11.2020	130	2021-					
7	2020-3	Reykholt Borgarfirði	L134439	14.12.2020	165	2021-					
8	2021-1	Úlfjótuvatn - Háafell og Selsflatir	L 170830	11.2.2022	172	2021-					
		Samtals			1273,6						

Rannsóknarsvið Skógræktarinnar safnar á vísindalegan hátt upplýsingum um bindingu kolefnis í skóginum samkvæmt vinnureglum skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í loftslagsmálum (UNFCCC). Kolefnisbinding með Kolviði er hluti af bókhaldi Íslands um gróðurhúsalofttegundir til Ramma-samnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Framvinduskýrsla 2022

12

Kolviðar-
skógar



Viðmið - bindistuðlar



Landshluti	Landsvæði	Hnit	Hæðabil metrar	Landgerð	Áburður	Meðal binding/ha á ári yfir 50 ára vaxtartímabil							
						Alaskaösp	Sitkagreni	Fura	Birki	Binding jarðvegi	Binding í sópi	Losun v. áburðargj.	Losun v. flutninga
Suðurland	Úlfjótsvantn norður	64,1136-21,057	0-150	Vel gróið þurrlendi	Já	15,01	11,14	10,37	4,33	1,3	0,5	-0,09	-0,1
Suðurland	Úlfjótsvantn suður	64,0936-21,085	150-250	Vel gróið þurrlendi	Já	9,46	5,39	5,96	4,33	1,3	0,5	-0,09	-0,1
Suðurland	Háafell og Selsflatir	64,0766-21,089	150-250	Vel gróið þurrlendi	Já	9,46	5,39	5,96	4,33	1,3	0,5	-0,09	-0,1
Suðurland	Hlíð	64,0719-21,065	150-250	Vel gróið þurrlendi	Já	9,46	5,39	5,96	4,33	1,3	0,5	-0,09	-0,1
Suðurland	Geitasandur	63,7991-20,232	0-150	Lítt gróið þurrlendi	Já	15,01	8,99	8,16	4,33	1,3	0,5	-0,09	-0,1
Suðurland	Skálholt	64,1347-20,518	0-150	Lítt gróið þurrlendi	Já	15,01	11,14	10,37	4,33	1,3	0,5	-0,09	-0,1
Vesturland	Reykholt Borgarfirði	64,6826-21,278	0-150	Vel gróið þurrlendi	Já	9,46	8,99	8,16	4,33	1,3	0,5	-0,09	-0,1
Vesturland	Hjarðarholt	64,7145021,536	0-150	Framræst votlendi	Nei	5,97	5,49	6,87	0,83	1,3	0,5	0	-0,1
Norðurland	Ærvíkurhöfði	65,9978-17,392	0-151	Vel gróið þurrlendi	Já	9,46	8,99	8,16	4,15	1,3	0,5	-0,09	-0,1

Viðmið bindistuðla fyrir bindingu kolefnis í algengustu trjátegundum er fengið úr Skógarkolefnisreikni sem er forrit sem aðstoðar við að meta gróflega mögulega kolefnisbindingu nýskógræktar að teknu tilliti til staðsetningar á Íslandi. <https://reiknivell.skogur.is>

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á losun eða bindingu frá upphafsstöðu (e Baseline) þar sem athuganir Skógræktarinnar benda ekki til þess að skógrækt hafi neikvæð áhrif. Möguleg stöðvun losunar frá landi er ekki innreiknuð í nettó bindingu.

Kolviður er með um 260 þús. tonn CO₂ í bindingarferli fyrir um 190 aðila og nokkur þús. einstaklinga með um 1,6 millj. trjáa til bindingar á kolefni sem þessir aðilar hafa losað.

Kolviður leigir land af landeigendum til 55 ára og reiknar 50 ára vaxtartíma trjáanna til bindingar á 300 tonnum af CO₂ / ha. af handbærum einingum. Kolviður er nú með 8 leigusamninga um land/verkefni, samtals um 1.200 ha. Fyrirséð er að nokkur verkefni bætast við á næstu árum.

Að samningstíma liðnum tekur landeigandi aftur við landinu ásamt slóðum, girðingum og skóginum og öðrum þeim verðmætum sem í honum felast, þar með talið áframhaldandi binding og trjáviður til viðarvinnslu. Landeigandi skal tryggja að kolefnisbinding skógarins geti haldið áfram eða að nýting hans sé með þeim hætti að bindingin viðhaldist samkvæmt lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Miðað er við að gróðursetningu í hvert svæði/verkefni ljúki á 5 árum og nú er plöntun lokið í 3 svæði.

Mögulegar áhættur í loftslagsskógarverkefnum eru tengdar veðurfari m.a. frostlyfting í lítt grónu landi, sumarfrost og vindur. Við val á landi og gerð skógræktaráætlunar er tekið tillit til framangreindra þátta.

Plöntusjúkdómar geta haft áhrif á vöxt skógarins en með blöndun trjátegunda og dreifingu verkefna minnkar áhættan. Hætta af skógareldum er til staðar og því lögð áhersla á góða aðkomu að skógræktarsvæðunum.

Kolviður starfar undir eftirliti Ríkisendurskoðunar og ytri endurskoðenda.

Gróðursetning og binding

		Landsvæði Staðsetning (Location)	Landnúmer	Samningur Dags. (Date)	Stærð ha.	Gróur- setning ár	Stofn gróður- setning Fjöldi plantna Árslok 2022	Vænt binding tonn CO2 Árslok 2022
1	2010-1	Geitasandur - suður	L218599	29.6.2010	190	2007-2017	350.543	45.183
2	2016-1	Úlfjótavatn - suður	L170830	04.08.2016	185	2016-2019	306.947	43.548
3	2019-1	Úlfjótavatn - norður	L170830	16.04.2019	110	2020-2020	224.054	53.400
4	2019-2	Geitasandur - norður	L199603	19.12.2019	207	2019-	261.888	30.400
5	2020-1	Húsavík Ærvíkurhöfði		29.05.2020	114,6	2020-	211.071	45.426
6	2020-2	Skálholt	L167166	20.11.2020	130	2021-	59.459	14.229
7	2020-3	Reykholt Borgarfirði	L134439	14.12.2020	165	2021-	41.638	7.814
8	2021-1	Úlfjótavatn - Háafell og Selsflatir	L 170830	11.2.2022	172	2021-	178.297	26.286
		Samtals			1273,6		1.633.897	266.285



8. september 2020 var milljónasta
trénu plantað í Kolviðarskóga

Framleiðsla og sala væntra kolefniseininga




	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Framleiðsla																
Vænt binding plöntunar tonn CO2	4.759	17.692	20.712	-	-	-	2.020	-	-	7.929	12.407	10.245	14.458	74.943	44.625	56.495
Uppsöfn. vænt binding plöntunar	4.759	22.451	43.163	43.163	43.163	43.163	45.183	45.183	45.183	53.112	65.519	75.764	90.222	165.164	209.790	266.285
Handbærar einingar (80%)	3.808	17.961	34.531	34.531	34.531	34.531	36.146	36.146	36.146	42.489	52.415	60.611	72.177	132.132	167.832	213.028
Tryggingareiningar (20%)	952	4.490	8.633	8.633	8.633	8.633	9.037	9.037	9.037	10.622	13.104	15.153	18.044	33.033	41.958	53.257
Mæld binding														4.968		
Umbeðin kolefnisbinding																
Seld kolefnisbinding tonn CO2	24.371	14.048	11.302	982	1.143	1.180	1.864	3.263	2.604	5.149	6.892	11.254	22.426	22.120	24.724	32.000
Uppsöfn. seld kolefnisb. tonn CO2	24.371	38.419	49.721	50.703	51.846	53.026	54.890	58.153	60.757	65.906	72.798	84.052	106.478	128.598	153.322	185.322
Birgðir																
Mismunur framleiðsla - sala	- 19.612	- 15.968	- 6.558	- 7.540	- 8.683	- 9.863	- 9.707	- 12.970	- 15.574	- 12.794	- 7.279	- 8.288	- 16.256	36.566	56.468	80.963
Mismunur framleiðsla 80% - sala	-20.563	-20.458	-15.190	-16.172	-17.315	-18.495	-18.744	-22.007	-24.611	-23.417	-20.383	-23.441	-34.301	3.534	14.510	27.706

Kolviður-sjóður hefur ákveðið að líta á öll framlög til hans frá upphafi, sem keypta kolefnisbindingu og plantar í samræmi við það.

80% af væntri kolefnisbindingu eru skilgreind sem handbærar kolefniseiningar sem má selja.

20% af væntri kolefnisbindingu eru skilgreind sem tryggingaeiningar til að mæta hugsanlegum afföllum í bindingu.

Vænt binding og handbærar kolefniseiningar



Helstu hagaðilar Kolviðar



Úttektir og mælingar

Vöktun

Á fyrstu fimm árum eftir að plöntun lýkur er fylgst með framgangi gróðursetninga og borið á plöntur eins og þörf er talin á til að auka lífslíkur og þroska þeirra einnig er bætt inn nýjum plöntum þar sem afföll hafa orðið. Síðan fer fram 5 ára samræmd úttekt á gróðursetningum og ástandi plantna og gripið til nauðsynlegra aðgerða ef þörf krefur.

Verknúmer	Landsvæði Staðsetning (Location)	Landnúmer	Samningur Dags.	Stærð ha.	Gróur- setning Ár	Íbætur Ár	5 ára samræmd úttekt Ár	15 ára mæling Ár	30 ára mæling Ár	50 ára mæling Ár
1 2010-1	Geitasandur - suður	L218599	29.6.2010	190	2007-2017			2021	2036	2056
2 2016-1	Úlfjótuvatn - suður	L170830	04.08.2016	185	2016-2019	2023	2024	2034	2049	2069
3 2019-1	Úlfjótuvatn - norður	L170830	16.04.2019	110	2020-2020	2024	2025	2035	2050	2070
4 2019-2	Geitasandur - norður	L199603	19.12.2019	207	2019-					
5 2020-1	Húsavík Ærvíkurhöfði		29.05.2020	114,6	2020-					
6 2020-2	Skálholt	L167166	20.11.2020	130	2021-					
7 2020-3	Reykholt Borgarfirði	L134439	14.12.2020	165	2021-					
8 2021-1	Úlfjótuvatn - Háafell og Selsflatir	L 170830	11.2.2022	172	2021-					
	Samtals			1273,6						

Geitasandur- suður

Rannsóknarsvið Skógræktarinnar á Mógilsá framkvæmdi mælingu á bindingu árið 2021 og verður það fyrsta verkefnið sem er tekið út samkvæmt ISO 14064-2 staðlinum.

Úttektin hefur verið undirbúin allt þetta ár og mun fara fram í byrjun árs 2023.




Úttekt á kolefnisbindingu skógræktar á svæðum Kolviðar á Hofssandi við Stóra-Hof á Rangárvöllum

15 ára mæling á Geitasandi - suður

- Úttekt á kolefnisbindingu skógræktar á svæðum Kolviðar á Hofssandi við Stóra-Hof á Rangárvöllum
- *Mógilsá, rannsóknasvið Skógræktarinnar*

Arnór Snorrason




Mynd 1: Kort sem sýnir skógræktarsvæði Kolviðs á Geitasandi. Á kortið er merkt inn skipting svæðisins í skógræktarreiti og númer þeirra. Kortið sýnir líka flokkun svæðisins í þrjá flokka. Á kortið eru líka merktir inn mælifletir sem voru notaðir sem úrtak í mælingu á lífmassa og lífmassavexti trjáanna.

Geitasandur suður- gróðursetning




Verkefni	Ár	Ilmbirki		Stafafura		Sitkagreni		Alaskaösp	
		Stofn	Íbætur	Stofn	Íbætur	Stofn	Íbætur	Stofn	Íbætur
Geitasandur - suður Samn. 15.05.2007 L199603 190 ha.	2007	27.001				350		4.445	
	2008	135.036		8.442					
	2009	149.477						8.887	
	2010								
	2011								
	2012				4.020		1.040		1.400
	2013	15.900	6.030	670					
	2014								
	2015								
	2016								
	2017		16.750						
	2018								
	Fjöldi trjáa	327.414	22.780	9.112	4.020	350	1.040	13.332	1.400
	Fjöldi hektara	131		4		0,14		5	
	Bindistuðull - 50 ár	5,94		9,77		10,60		16,62	
	Binding tonn CO2	38.897		1.780		74		4.432	



Spá fyrir bindingu

- **Uppsöfnuð nettóbindingaráhrif skógræktar Kolviðar á úttektarsvæðinu á Hofssandi – Geitarsandur suður - voru áætluð 4.888 tonn CO₂ (± 16 tonn) til loka árs 2020.**



Mynd 4: Spá fyrir bindingu CO₂ á úttektarsvæðinu á Hofssandi fyrir tímabilið 2021 til 2030.



Þökkum samstarfið